

Tillaga um breytingar í skýrslugerð á OS

Helgi Torfason

Greinargerð HeTo-88/12

TILLAGA UM BREYTINGAR Í SKÝRSLUGERÐ Á OS

1. INNGANGUR

Á árinu 1988 hefur verið unnið að því að athuga hvort skynsamlegt sé að koma gögnum OS inn í gangnasafnskerfi á tölvu stofnunarinnar. Athugun leiddi ótvírætt í ljós hagræði við slíkt, auk þess sem þá kæmist betri regla á varðveislu á niðurstöðum rannsókna. Það kom fljótt í ljós að oft eru það neikvæðar niðurstöður úr rannsóknum sem fá mest pláss í skýrslum og greinargerðum, hinar sem vel ganga komast sjaldnar inn á blöð skýrslanna, - jákvæðar niðurstöður tala sínu máli sem blásandi gufuholur, heitt vatn í hitaveitu eða kalt í fiskeldisstöð. Líklega á þetta einkum við um fremur lítil verkefni, einstakar borholur eða litlar hitaveitur.

Skýrslur OS eru það andlit sem snýr að viðskiptavinum hennar og þeim sem úthluta fé til grunnrannsókna. Oft er það svo að afrek stofnana er metið í magni á útgefnum pappír fremur en í því sem á honum stendur. Samdráttur í útgáfu er því metinn sem samdráttur í afköstum og því áriðandi að stofnun eins og OS gefi því gaum hvernig niðurstöðum úr rannsóknum hennar er fyrir komið. Það er jákvætt ef stofnun getur í lok hvers árs sett upp lista yfir þau verk sem hún hefur tekið að sér á árinu og í þeim lista séu upplýsingar um hvar niðurstöður hinna ýmsu verkefna sé að finna, þ.e.a.s. öllum verkefnum sé skilað með stuttri skýrslu eða greinargerð. Slíkt myndi einnig auðvelda umsjónarmönnum gagnasafns að halda safninu við, auka það og hafa ávalt sem bestar upplýsingar fyrir notendur safnsins.

Það skal tekið fram að ekki er verið

að gera tillögu um meiriháttar aukningu í útgáfunni, heldur að koma reglu á hvernig verkum eða verkhlutum er skilað, öðrum til hagræðis við vinnu sína. Því er e.t.v. rétt að miða við að lokagreinargerð hvers verks verði í mesta lagi 1-2 síður þar sem tilurð, framgangi og niðurstöðum athugana er lýst án lýsingarorða.

2. MISMUNANDI GERÐIR SKÝRSLNA

Á OS eru gefnar út þrjár gerðir af skýrslum: A- og B-skýrslur og greinargerðir.

- Greinargerðir eru samkvæmt skilgreiningu ætlaðar til innanhússbrúks að mestu leyti (orðsendingar, fundargerðir, áætlanir) og til að koma til skila niðurstöðum úr rannsóknum, ef mikið liggur á, eða eru svo lítilvægar að ekki er ástæða til dreifningar á niðurstöðunum. Greinargerðir eru oft unnar algjörlega af höfundi (sbr. þessa hérna). Greinargerðir eru yfirleitt ekki lesnar yfir af öðrum en höfundi.
- B-skýrslur eru einkum skilagreinar til verkkaupa og eru yfirlesnar með tilliti til málfars. Í þeim eru oft ófullfrágengin gögn, skýrslur um stöðu verka til veerkkaupa og lokaúrvinnsla minniháttar verka. Upplag er 10-40 stk.
- A-skýrslur spanna niðurstöður heilla rannsóknarverkefna eða sjálfstæðra verkáfanga. Þær eru lesnar yfir með tilliti til efnis og málfars. Upplag er gjarnan 100-300 stk. og eru þær til sölu og dreifningar útávið.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting til hins betra í skýrslugerð á OS hvað varðar frágang og málfar

skýrslanna, en hitt hefur brunnið við að starfsmenn skili frekar greinargerðum en skýrslum, aðallega vegna yfirlestrar og tafa þess vegna. Afleiðing þessa er sú að verkkaupar fá oft í hendur fremur illa útbúin plögg, heft í hornið, og verður fljótt þvælt og ljótt - til lítilla vegsemda fyrir útgefandann, þótt efnið sé gott. Illa frágengið plagg vekur lítið traust á stofnuninni og er ástæða til að breyta þessu til batnaðar, skila helst ekki öðru en B-skýrslum til verkkaupa. Greinargerðarformið er hins vegar mjög heppilegt að mörgu leyti.

3. SKIL VERKEFNA

Undanfarin ár hefur verið unnið að fjölda verkefna á OS sem skilað hafa góðum árangri. Ýmist er það vel heppnuð borhola, upphaf nýrrar hitaveitu, kalt vatn fyrir fiskeldi eða annað sem leiðir af sér verðmæti í þjóðarbúið. Því miður er það svo að þessum vel heppnuðu verkefnum lýkur við að góðum árangri er náð. Niðurstöðurnar eru heitt vatn sem rennur út um borholustút. Lendi verkið hinsvegar í vandræðum, kemur um það skýrsla eða greinargerð og reynt að finna lausn vandans. Það eru sem sagt aðallega verkefni sem lenda í ógöngum, eru erfið eða misheppnast sem greint er frá í skýrslum OS. Þau sem vel ganga eru úr sögunni og ný taka við. Ef til vill á þetta fremur við um JHD en aðrar deildir OS.

Ég legg til að eftirfarnadi verði regla í allri vinnu á OS: Öllum verkefnum eða sjálfstæðum verkhlutum sem hafa verkefnisnúmer verði skilað með stuttri skýrslu eða greinargerð, jafnvel þótt greinargerðin sé aðeins hálf síða er greini frá tilurð verks, framgangi og niðurstöðum. Þannig verði unnt að finna niðurstöður allra verka í málafni OS.

4. LYKILORÐ

Með tilkomu gagnasafns OS er nauðsynlegt að unnt verði að finna upplýsingar um niðurstöður eldri rannsókna

á auðveldan hátt. Niðurstöður eru oft settar í skýrslur og greinargerðir og er hér gerð tillaga um að allar skýrslur eða greinargerðir fái lykilorð, eitt eða fleiri sem geri unnt að leita að þeim í umhverfi gagnasafnsins. Lykilorð greini t.d. frá staðsetningu, gerð o.fl. er lýsi umfangi verks. Lagt er til að gerður verði stuttur listi yfir allra nauðsynlegustu lykilorð, því sé listinn of langur verður hann ekki notaður, ein blaðsíða er trúlega hámark. Til dæmis gæti skýrsla um boranir holu 20 í Kröflu fengið lykilorðin: *Þing, Krafla, bor, háhiti, virkjun*

Helgi Torfason